

Fundargerð

Þriðjudaginn 20. Nóvember 2018, kl. 16:00- var fundur haldinn í stjórn **Byggðasamlags um menningu og atvinnumál A-Hún.** Fundarstaður Húnabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, og Valdimar O. Hermannsson, en Ragnhildur Haraldsdóttir boðaði forföll. Valdimar ritaði fundargerð.

Einnig voru mættar frá Ráðrík ehf., þær Guðný Sverrisdóttir og Svanfríður Inga Jónasdóttir, vegna viðræðna við stjórn BMA.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál í Austur Húnavatnssýslum.

Fundurinn var haldinn að frumkvæði, og að beiðni Ráðrík ehf, sem er ráðgjafi vegna mögulegrar sameiningar sveitarfélaganna í A – Hún. Var farið vítt og breytt um þróun atvinnumála í Austur Húnavatnssýslum á undanförunum árum og áratugum, og hvaða tækifæri væri mögulegt að skoða til þess að efla atvinnu og fjölga störfum í þeim sveitarfélögum sem nú ræða um mögulega sameiningu.

Ráðrík greindi frá ferð þeirra til Reykjavíkur, þar sem rætt var við, m.a. fulltrúa ráðuneyta og stofnana, auk fyrirtækja sem tengjast til A – Hún. Þá var rætt um stöðuna á sameiningarviðræðunum, og hvaða forsendur þurfa að liggja fyrir til þess að taka megí það verkefni áfram.

Ekki var um raunverulega niðurstöðu að ræða á þessum fundi, enda aðeins verið fara yfir stöðuna og velta fyrir sér hvaða möguleikar væru til þess að skoða betur, á vettvangi sameiningar, eða sveitarfélaganna.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið kl. 17:00-

